


| | |
|--|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 29/1 2019 |
| Málsnr: | 1506568 |
| Bréfal: | 331 |



Hafnarfjarðarbær
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 23. janúar 2019
Tilv.: HRN19011581/04.64.02

Efni: Tímabundinn rekstur hjúkrunarrýma í eldra húsnæði Sólvangs

Heilbrigðisráðuneytið vísar til fundar með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar þann 22. janúar sl. varðandi rekstur hjúkrunarrýma á gamla Sólvangi.

Ráðuneytið hefur heimilað rekstur allt að 33 hjúkrunarrýma á gamla Sólvangi eftir að endurbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu með breytingu tvíbýla í einbýli. Fyrirhugaðar endurbætur eiga að hefjast í kjölfar flutnings íbúa yfir í nýtt húsnæði Sólvangs í vor og fé hefur verið veitt til verksins úr Framkvæmdasjóði aldraðra.


Vegna skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu, fer ráðuneytið þess á leit við Hafnarfjarðarbæ að framkvæmdum við húsnæði gamla Sólvangs verði seinkað uns nýtt hjúkrunarheimili opnar við Sléttuveg í Reykjavík en húsnæði gamla Sólvangs notað til tímabundins reksturs allt að 50 hjúkrunarrýma.

Samkvæmt áætlun á hjúkrunarheimilið við Sléttuveg að vera tilbúið í lok þessa árs. Tilvonandi íbúar á Sléttuvegi gætu því fengið úthlutað hjúkrunarrýmum á gamla Sólvangi í vor en flytjast á Sléttuveg við opnun þess heimilis.

Gert er ráð fyrir að sami rekstraraðili sjái um rekstur þessara tímabundnu rýma og þeirra 60 hjúkrunarrýma sem verða í nýja Sólvangshúsinu, sem og rekstur þeirra 33 hjúkrunarrýma sem tekin verða í notkun eftir áður nefndar endurbætur.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Elsa B. Friðfinnsdóttir


Guðlaug Einarsdóttir